

## Fundur í fjallskilanevnd Landbrots - og Miðafréttar

22. júní kl. 20:00 2018. Haldinn á Kirkjubæjarstofu

Mætt voru: Davíð Andri Agnarsson, Fanney Ólöf Lárusdóttir og Hörður Eypórsson sem ritaði fundargerð.

Skipan í formannsstöðu.

Ekki er búið að skipa neinn í formannsstöðu og er það hlutverk sveitarstjórnar. Nefndin frestar að kjósa ritara og varaformann.

Fjallskil 2018

Rætt um fjallskil vegna haust 2018. Það þarf að leita eftir upplýsingum hjá sveitarstjórn um daggjald og fjártölur. Fjallkóngar verða þeir Sverrir Gíslason Kirkjubæjarklaustri II á Miðafrétti og Sigurjón Fannar Ragnarsson Þykkvabæ III á Landbrotsafrétti. Ákveðið að fjallkóngar verði einnig réttarstjórar í Skaftárrétt laugardaginn 8. september. Byrjað skal að rétta kl 9. Sigurður Kristinsson Hörgslandi II skal falið að flytja fé milli Skaftárréttar og Fossréttar eins og síðustu ár.

Smölun heimalanda

Rætt um smölun heimalanda. Sverrir Gíslason biðst undan umsjón á smölun í Skál og Á en hann hefur haft umsjón með því síðustu ár. Fjallskilanevnd lagði til að Sigurjón Fannar Ragnarsson hefði umsjón með þeirri smölun. Einnig ákveðið að fá Þórarinn Bjarnason til að hafa umsjón með smölun Hraunsmela og Landbrots hóla og Eypór Valdimarsson hafi umsjón ofan Tungulækjar. Þórarinn og Eypór hafi samráð með smölun þessara svæða.

Landbótaáburður

Úr landbótasjóði kom vilyrði um styrk upp á kr. 910.000. Deilst sú upphæð í tvennt á Miðafrétt og Landbrotsafrétt þetta árið. Ákveðið var að Davíð Andri Agnarsson yrði umsjónarmaður dreifingar á áburði á Landbrotsafrétti og Hörður Eypórsson á Miðafrétti.

Gróðurskoðun

Fimmtudaginn 21. júní fór Gróðurverndarnevnd Vestur-Skaftafellssýslu og fulltrúi Landgræðslunnar í gróðurskoðunarferð á Landbrots- og Miðafrétt. Niðurstaða ferðarinnar var sú að í lagi sé að byrja að fara með fé í afréttinn mánudaginn 25. júní nk. Fjallskilanevnd samþykkir þann dag. Sveitarstjóri fól Fanney Ólöfu að hafa samband við Björgvin Harðarson um að líta á veginn inn í Leiðólfsfell og laga hann ef þörf væri á og hefur það verið gert. Björgvin tók það að sér.

Samningur við Vatnajökulspjóðgarð

Samningur milli Skaftárhrepps, fjallskilanevndar og Vatnajökulspjóðgarðar um viðhald og rekstur áningaraðstöðu fyrir ferðamenn í Blágiljum og Hrossatungum kynntur fyrir nefndarmönnum.

Girðingarmál vegna Holts, Skálar og Ár

Rætt um ábyrgð landeigenda um að sinna viðhaldi girðinga sem liggja að afréttarlandi. Fanney Ólöfu falið að kanna hjá sveitarstjóra hvort hreppurinn hafi samband við landeigendur um viðhald girðinganna og/eða kaupa þá vinnu.

Afréttur 2019

Fjallskilanevnd hefur ákveðið að stefnt skuli að því að farið verði í 1. safn 2019 þriðjudaginn 3. september og að öllu forfallalaus yrði þá réttað laugardaginn 9. september.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.  
Hörður Eypórsson